

Kæri starfsmaður,

Eftirfarandi tillögur hafa verið myndaðar vegna vinnutímastyttingar frístundarinnar Hóla. Sú tillaga sem hlýtur meirihluta atkvæða í þessari atkvæðagreiðslu mun taka gildi eigi síðar en 1. janúar 2021, háð samþykki bæjarstjórnar.

Atkvæðagreiðslan verður opin frá 15.12. - 18.12.2020

Stuðningsfulltrúar sem starfa á frístundinni Hólum

Stuðningsfulltrúar á frístundaheimilinu Hólum taka ekki neysluhlé (kaffitíma) yfir daginn og stytta vinnutíma sinn um 35 mínútur miðað við 100% starfshlutfall daglega. Neysluhlé er á forræði yfirmanns og vinnutími styttest á móti. Tillögurnar hér fyrir neðan eru því aðeins um útfærslur á 13 mín styttingu.

Tillaga.

Starfsmenn safna upp styttingunni og mæta seinna eða fara fyrr heim einn dag. Rúllandi vaktir stjórna því hvaða dag starfsmaður nýtir styttinguna. Starfsmönnum gefst einnig kostur á að kjósa um hækkun á starfshlutfalli um það sem nemur vinnutímastyttingunni.

Dæmi:

Starfsmaður í 75% starfshlutfalli safnar sér 9,75 mín á dag / 48,75 mín á viku / 1 klst og 37 mín á tveggja vikna fresti.

Starfsmaður í 50% starfshlutfalli safnar sér 6,5 mín á dag / 32,5 mín á viku / 65 mín á tveggja vikna fresti.

Eftirfarandi tillögur hafa verið lagðar fram til kosningar. Sú tillaga sem fær flest atkvæði verður innleidd fyrir alla starfsmenn frá og með 1 janúar næstkomandi.

- Tillaga #1: Ég kys að taka styttinguna út daglega, annað hvort í byrjun eða lok dags.
- Tillaga #2: Ég kys að taka styttinguna út vikulega, annað hvort í byrjun eða lok dags.
- Tillaga #3: Ég kys að taka styttinguna út aðra hvora viku, annað hvort í byrjun eða lok dags.
- Tillaga #4: Ég kys að bæta styttingunni ofaná núverandi starfshlutfall.

Veikindi og orlof

Í veikindum eða í orlofi starfsmanna fellur styttingin niður (ekki um ávinnslu að ræða líkt og gildir um rétt til orlofs).

Breytingar á vinnuskipulagi

Starfsmenn munu leggja sitt af mörkum við að lágmarka aukið álag á vinnustaðnum vegna vinnutímastyttingarinnar með því lágmarka fjarveru sína á vinnutíma vegna einkaerinda.


Endurskoðun

Vinnustaðurinn og vinnutímanefndin leggur mat á árangri tillögunnar að 6 mánuðum liðnum, eða eigi síðar en 1. júní 2021.

Niðurstaða kosningar

Svarhlutfall: 82%

Hvaða tillögu ert þú hlynnt/hlynntur?



Mean : 3.000 | Confidence Interval @ 95% : [2.795 - 3.205] | Standard Deviation : 0.392 | Standard Error : 0.105



OneCRM			
Viðskiptavinur:	Sveitarfélagið Árborg	Höfundur:	Signý Harpa Hjartardóttir
Málsheiti:	Kjaramál - vinnustytting hjá Árborg	Málsnúmer:	2012144